



## USE3A05 – Upptaka/útsending af vettvangi

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Hákon Már Oddsson

**Netfang/netföng:**

[hakon@bhs.is](mailto:hakon@bhs.is)

**Lýsing:**

Nemendur kynna raunverkefnum á vettvangi. Nemendur þjálfast í að vinna í krefjandi kringumstæðum í samvinnu við aðila utan skólans. Verkefni eru breytileg og margvísleg, bæði upptökur eða útsendingar frá íþróttaviðburðum, tónleikum, leikhúsverkum og öðrum viðburðum og verkefnum sem henta eða standa til boða. Nemendur læra að skipuleggja viðburði til upptöku eða útsendingar, að stilla upp tækjum og gera klárt í upptöku eða útsendingu og ganga frá í lokin. Nemendur halda verkefnabók og skrá tíma- og vinnuskýrslur sem eru grunnur að endurgjöf.

**Þekking, leikni, hæfni:****Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- samstarfi við aðila utan skóla.
- ábyrgð og skuldbindingum sem fylgir samvinnu.
- mikilvægi sveigjanlegs vinnutíma á vettvangi.
- undirbúningi á krefjandi upptökum og útsendingum.
- skipulagningu á stórum og flóknum verkefnum.
- vinnu við upptökur og beinar útsendingar á vettvangi.
- skráningu á eigin vinnuframlagi.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- hafa samskipti við aðila utan skóla.
- skipuleggja verkefni í samvinnu við aðra.
- búa til áætlanir og tökuplön.
- undirbúa upptökur og útsendingar utan skóla.
- stilla upp tækjum á vettvangi í samræmi við kringumstæður.
- taka upp og senda út viðburði.
- ganga frá tækjum og tólum.
- skila af sér verkefnum.
- skrá tíma- og vinnuskýrslur.



### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa samskipti við aðila og skipuleggja verkefni utan skóla.
- gera áætlanir og upptökuáætlanir.
- undirbúa upptökur og útsendingar.
- stilla upp og gera klárt fyrir upptökur, útsendingar á vettvangi.
- ganga frá á tókustað.
- skila af sér verkefnum á fullnægjandi hátt samkvæmt áætlunum.
- útbúa tíma- og vinnuskýrslur.
- greina niðurstöðu og útkomu verkefna.

### Námsmat:

Námsmat byggist á verkframlagi nemenda, þátttöku og framlegð í verkefnum bæði á skólatíma og í verkefnum utan skóla, þátttöku í hópvinnu og færni nemenda í að kynna verk sín og gera grein fyrir þeim. Nemendur halda ferilbók um þátttöku og framlegð í verkefnum.

Lögð verður áhersla á sjálfsmat í verkefnum og jafningjamat í hópaverkefnum. Vinnu- og tímaskýrslur (ferilbók) eru grunnur að vinnumati og mikil áhersla á að vanda til þeirra. Námsmat er byggt á leiðsagnarmati, verkefnamati, sjálfsmati og jafningjamati.

*5ein áfangi er í heildina um 90-120 klukkustunda vinna nemanda.*

*Krafa er gerð um þátttöku í 3-4 leikjum í hokki í Egilshöll*

*Krafa er gerð um minnst 20-30 klukkustunda framlag í Músíktílaunum*

### Athugasemdir vegna Covid:

Allar kennsluáætlanir undanfarnar tvær annir hafa raskast verulega vegna Covid. Bæði vegna takmarkana á viðburðum, vegna fjöldatakmakana og kröfu um sóttþreinsun. Menningar- og íþróttaviðburðir hafa fallið niður, aðgangur nemenda að skóla utan stundatöflu heftur og gestir óheimill aðgangur að skóla.

Þessar takmarkanir hafa raskað allri skipulagningu og því er settur fyrirvari um að íþrótt- og menningarstarfsemi sé heimil og að stærri hópar en 10 megi taka þátt. Eins geta kröfur um sóttþreinsun, blöndun hópa eða aðrar takmarkanir haft áhrif eða takmarkað þátttöku.

Verði takmarkanir hertar munum við flytja kennsluna af vettvangi inní studio224 og sameina kennslu og verkefni í USE3A05 og STU2A05.

**Námsgögn:**

Námsgögn verða kynnt í tímum og sett á Innu eða á öðrum vettvangi (Teams, Google Docs, etc.) Mögulega ljósrit eða annað rafrænt kennsluefni sem kennari útdeilir eða kynnir af skjá. Innlagnir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum. Mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma þar sem áfanginn byggir á sérhæfðri og verklegri, einstaklingsmiðaðri kennslu. Mikilvægt er að nemendur lesi leiðbeiningabæklinga heima og horfi á kennslumyndbönd sem ítarefni. Síðan er verkleg kennsla í tímum og á vettvangi og mikilvægt að nemendur haldi nákvæma ferilbók og skrái vinnuframlag.

**Helstu forrit:**

Adobe Premiere Pro, DaVinci Resolve – vídeoklipp

Wirecast, OBS – streymi

Adobe Video Encoder, QuicTime – kóðun, skoðun

Photoshop, Illustrator, After Effects – myndvinnsla, grafík, effektar

YouTube/Vimeo - upphleðsla myndbanda

...auk þess eru fjöldi annarra forrita notuð eftir því sem á við

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Samhliða áfanganum taka nemendur áfanga í stúdíótækni STU2A05 sem fer að mestu fram í myndveru skólans. Áfangarnir STU2A05 og USE3A05 er keyrðir saman í lokaverkefni og eftir atvikum í öðrum verkefnum.

**Helstu verkefni:**

- Afreksípróttir - innslög
- Borgarleikhús
- Hokkí leikir í Egilshöll frá leikjum meistaradeildar
- Músíktílaunir
- Upptaka og útsending á tónleikum, leikritum og viðburðum
- Verkefni í myndveru 224
- Önnur tilfallandi verkefni



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	Kynning	
2	11.-15. jan.	Stúdíó byggt æfing - Afreksíþróttir/Borgarleikhús	
3	18.-22. jan	Stúdíó byggt æfing - Afreksíþróttir/Borgarleikhús	
4	25.-29. jan.	Fjölkameruvinnsla I - Egilshöll hokkí	
5	1.-5. feb.	Multicam klipp I	
6	8.-12. feb.	Egilshöll hokkí	
7	15.-19. feb.	Egilshöll hokkí	Varða I
8	23.-26. feb.	Multicam klipp II	Vorhlé
9	1.-5. mars	3.mar - Egilshöll hokkí	
10	8.-12. mars	Fjölkameruvinnsla II	
11	15.-19. mars	Músíktílaunir (undankeppni)	
12	22.-26. mars	Músíktílaunir (undankeppni + úrslit)	Varða II
13	29.mars - 5. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-9. apríl	Fjölkameruvinnsla III / Multicam klipp III	
15	12.-16. apríl	Lokaverkefni – (undirbúningur)	
16	19.-23. apríl	Lokaverkefni I – þáttur myndver (undirbúningur)	
17	26.-30. apríl	Lokaverkefni II – þáttur myndver (undirbúningur / upptaka)	
18	3.-7. maí	Lokaverkefni III – þáttur myndver (upptaka / klipping / kynning)	
19	10.-14. maí	Frágangur / skil	Kennslu lýkur

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar, sjá kafla um „Athugasemdir vegna Covid“ hér að framan.*